

**Nd.**

**557. Nefndarálit**

**[217. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þar er um að ræða breytingar, sem telja verður sjálfsagðar leiðréttingar. Breytingartillögur, sem fela í sér beinar lækkanir tolla, styður meiri hluti nefndarinnar ekki, umfram það sem leiðréttingarnar hafa í för með sér.

Til fundar við nefndina kom Björn Hafsteinsson, deildarstjóri í fjármála-ráðuneytinu, og veitti ýmsar upplýsingar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Minni hlutinn, Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Alþingi, 12. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson,  
form., frsm.

Lárus Jónsson,  
fundaskr.

Ey. Kon. Jónsson.

Tómas Árnason.

Þórarinn Þórarinsson.